

FRAMKVÆMD EIGIN EFTIRLITS

Rekstraraðili ber sjálfur ábyrgð á eigin eftirliti með eldvörnum. Að því má standa með mismunandi hætti:

1. Skipuleggja og annast eftirlitið sjálfur.
2. Fá aðstoð ráðgjafa við skipulagningu en annast eftirlitið sjálfur.
3. Fá ráðgjafa til að skipuleggja og annast eftirlitið.

Allmörg fyrirtæki hafa sérhæft sig í eldvörnum og eftirliti með þeim. Við mælum með því að leitað sé til fagfólks ef eðli og umfang starfseminnar kallar á slíka aðstoð.



VIÐ HJÁLPUM TIL

Eldvarnabandalagið hefur útbúið ýmis gögn og leiðbeiningar sem koma að notum við eigið eldvarnaeftirlit:

- Leiðbeiningarit um hvernig standa beri að eigin eftirliti. Það má nálgast hjá slökkviliðinu eða tryggingafélaginu.
- Gátlista sem nálgast má og fylla út á www.mvs.is.
- Veggspjald með upplýsingum fyrir starfsfólk. Það má nálgast hjá slökkviliðinu eða tryggingafélaginu.

GANGI YKKUR VEL OG HIKIÐ EKKI VIÐ AÐ Hafa samband við slökkviliðið eða tryggingafélagið ef við getum orðið að frekara liði!

[ELDVARNA]
bandalagið

Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

www.mvs.is

EIGIÐ EFTIRLIT MEÐ ELDVÖRNUM

þinn hagur – þín ábyrgð



[ELDVARNA]
bandalagið



RÍKAR ÁSTÆÐUR TIL EIGIN EFTIRLITS

Eigið eftirlit með eldvörnum er sjálfsagður liður í rekstri og gæða- og öryggismálum fyrirtækja og stofnana. Fyrir því eru ríkar ástæður:

- Eldvarnir draga verulega úr líkum á að eldur og reykur valdi tjóni á rekstri og eignum.
- Eldvarnir draga úr líkum á að eldur og reykur skaði starfsfólk, viðskiptavinum og skjólstæðinga.
- Miklum fjármunum er varið til eldvorna í byggingum. Til að tryggja virkni þeirra og nýtingu fjárfestingarinnar þarf reglulegt eftirlit og viðhald.
- Síðast en ekki síst kveður reglugerð á um skyldu til eigin eftirlits með eldvörnum.

Mikið í húfi


Eldur veldur árlega miklu tjóni á heilsu og eignum fólks og fyrirtækja. Á undanförunum árum hefur bætt eignatjón vegna eldsvoða numið milljörðum króna. Þá er ótalinn kostnaður sem ekki fæst bættur.

Á undanförunum árum hefur fjöldi fólks farist í eldsvoða á Íslandi. Enn fleiri verða fyrir andlegu og líkamlegu tjóni, margir til frambúðar.

Þolir fyrirtækið rekstrarstöðvun?

Ekki þarf mikinn eldsvoða til að rekstur raskist mikið eða stöðvist. Reynslan sýnir að miklar líkur eru á að fyrirtæki fari í þrot ef rekstur þeirra stöðvast vegna eldsvoða.

Því hvert leita viðskiptavinirnir þegar fyrirtækið er lokað vegna bruna? Og hvað verður um viðskiptavildina og traustið sem kostað hefur mikla vinnu og fjármuni að afla?



Eigið eftirlit dregur úr tjóni

Vandað eigið eftirlit stuðlar að auknum skilningi eigenda og starfsfólks á mikilvægi eldvorna og getur dregið verulega úr hættu á að eldur komi upp. Komi eldur upp eru miklar líkur á að ráða megi niðurlögum hans fljótt og draga úr tjóni hafi rétt verið staðið að eldvörnum og fyrstu viðbrögðum.

Einfalt en mikilvægt

Í langflestum tilvikum er eldvornaeftirlit sáraeinfalt. Einföld atriði geta þó skipt sköpum um afdrif fólks, eigna og reksturs ef eldur verður laus.

Algengustu atriðin sem huga þarf að eru þessi:

- Eru flóttaleiðir greiðfærar?
- Eru útljós sílogandi?
- Eru dyr og björgunarop opnanleg innanfrá án lykils eða verkfæra?
- Eru slökkvitæki og brunaslöngur aðgengileg og í lagi?
- Lokast brunahólfandi dyr hindrunarlaust og eru pumpur virkar?
- Sýnir brunaviðvörðunarkerfi „í lagi“ eða eru stakir reykskynjarar virkir?
- Er umgengni góð, ruslsöfnun í lágmarki innan húss og utan og hefur umframrusl verið fjarlægð?
- Hefur starfsfólk fengið tilskilda fræðslu um eldvarnir og fyrstu viðbrögð við eldsvoða?

Þessi atriði eiga við alla vinnustaði en í sumum tilvikum þarf eftirlit að vera ítarlegra. Eigið eftirlit fer að hluta til fram daglega, sumt þarf að aðgæta viku- eða mánaðarlega, annað árlega. Til dæmis er gert ráð fyrir að brunaviðvörðunarkerfi, neyðarlýsing, slökkvikerfi og slökkvitæki séu yfirfarin af viðurkenndum þjónustuaðila að minnsta kosti einu sinni á ári.